

AUGLÝSING

um fyrirkomulag prófa, námsmats og gjaldtöku fyrir próftöku við Háskólann á Akureyri á vormisseri 2020.

Háskólaráð Háskólans á Akureyri hefur samþykkt eftirfarandi bókun vegna námsmats á vormisseri 2020:

1. Boðið verður upp á aukapróftímabil í ágúst, dagana 17.–21. ágúst 2020.
2. Próftökugjald verður ekki innheimt fyrir próftöku á aukapróftímabili né lokaverkefni sem skilað er í ágúst 2020.
3. Skrásetningargjald verður ekki innheimt vegna próftöku á aukapróftímabili eða skilum loka-verkefna í ágúst 2020 ef nemandi heldur ekki áfram námi á haustmisseri 2020.
4. Ekki verður óskað eftir veikindavottorðum vegna fjarveru nemenda í prófum á vormisseri 2020.
5. Opnað verður fyrir skráningu til próftöku á aukapróftímabili þann 5. júní og er skráning opin til 19. júní 2020. Próftafla verður í sömu röð og í maí prófum og liggur fyrir á næstunni.
6. Ákvæði f-liðar 5. gr. reglna nr. 921/2018 um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri um að nemandi sé einungis heimilt að endurtaka próf í hverju námskeiði einu sinni gildir ekki að þessu sinni og er nemendum heimilt að endurtaka próf tvisvar. Nemendur eru hvattir til að ljúka námskeiðum vormisseris í ágúst prófatíð í stað þess að fresta þeim til vormisseris 2021.
7. Nemendur sem ná ekki tilskilinni lágmarkseinkunn á reglulegu próftímabili geta nýtt sér próftöku á aukapróftímabili í ágúst.

Auglýsing þessi, sem háskólaráð hefur samþykkt, er birt með stoð í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla og taka ákvæði hennar þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 30. apríl 2020.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

B-deild – Útgáfud.: 4. maí 2020